

**Ed.**

### **356. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

**1. gr.**

Heimilt er ráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, sem um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem þörf krefur, við álagning skatta árið 1944.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er samhljóða bráðabirgðalögum frá 26. apríl 1944. Greinargerðin fyrir bráðabirgðalögum er svo hljóðandi:

„Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að enn í ár sé nauðsynlegt að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, sem um ræðir í 14. kafla laga nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt. Eigi þetta einkum við í kaupstöðum, þar sem skattastörf eru umfangsmikil, og megi búast við, að frestur sá, sem ákveðinn er í fyrrgreindum lögum, reynist oft full-stuttur, einkum þegar til mála geta komið breytingar á skattalögum og störf skattanefnda tefjast vegna óvissu um afdrif þeirra breytinga á Alþingi.

Ráðherrann telur heppilegast, að fjármálaráðuneytinu verði, svo sem verið hefur undanfarin ár, veitt heimild til að breyta umræddum frestum og tímaákvörðunum og að heimildin verði til frambúðar.

Með því að ég tel það brýna nauðsyn, að tekju- og eignarskattur og stríðsgróðaskattur verði alls staðar á landinu löglega á lagðir 1944, en ekki sé ástæða til að svo stöddu að láta heimildina ná lengra en til álagningar skatta árið 1944, gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:“